

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

11.02.2026

307.mál

Sent á umsagnargátt Alþingis

Breyting á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða

Inngangur

Landvernd hefur kynnt sér þingsályktun ásamt fyrirleggjandi greinargerð. Landvernd hefur áður skrifað um sama mál á ýmsum stigum og eru fulltrúar umhverfis- og samgöngunefndar hvattir til að kynna sér það. Sjá: [umsögn um drög að flokkun fimm virkjanakosa](#) og [umsögn um færslu hamarsvirkjunar úr vernd](#). Landvernd áréttar nokkur atriði í þessari umsögn en í meginatriðum ná fyrri umsagnir yfir málið.

Landvernd leggur ekki til breytingu á tillögum verkefnisstjórnar á flokkun Bolaöldu, Tröllárvirkjunar, Hvanneyrardalsvirkjunar og Skúfnavatnavirkjunar sem fengu þó alvarlegar athugasemdir m.a. frá sérfræðistofnunum þar sem skorta þótti ma á nánari rannsóknir vegna Bolaöldu. Landvernd lætur hjá líða að fara nánar yfir virkjunarhugmyndirnar hér, en einbeitir sér að því sem að mest brýtur á, sem er tillaga ráðherra að taka Hamarsá úr vernd enda er þar gengið gegn álit faghópa og verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Ítreka skal þó að nýtingarflokkur þýðir ekki sjálfkrafa að ráðist verði í virkjun og mun Landvernd að bregðast við eftir atvikum í hinum fjórum verkefnum fari þau í matsferli og ástæða verði til að bregðast við.

Ekki er vitað um dæmi þess að orkuhugmyndir flokkaðar í nýtingarflokk til þessa dags hafi á einhverjum tíma í sögu rammaáætlunar verið teknar þaðan og færðar í verndarflokk. Aftur á móti heyrast nú raddir á Alþingi og meðal þröngra sérhagsmuna að það skuli taka Hamarsá úr vernd og færa í nýtingarflokk með smá viðveru í biðflokki en slíkum hugmyndum mótmælir Landvernd harðlega. Stjórnþækið rammaáætlun sem upphaflega var komið á til að skapa mestu mögulegu sátt, getur varla staðist meiri aðför en orðin er.

Um kynningu á samráðsgátt

Við kynningu á tillögum verkefnisstjórnar að fimm virkjanakostum á samráðsgátt þann 05.07.2024 skal rifjað upp að verkefnisstjórn gerði tillögu um að Hamarsá skyldi fara í verndarflokk og með því fylgdu eins og sjá má á samráðsgáttinni umfangsmiklar rannsóknir sem leiddu til niðurstöðu um ótvírátt verndargildi svæðisins sem mældist langhæst af þeim 5 virkjanahugmyndum sem voru til skoðunar.

Í tillögu verkefnisstjórnar 5. áfanga segir meðal annars: „*Greining faghóps 1 bendir til mikilla verðmæta á matssvæðinu Hamarsfjörður-Hraun og áhrifa af Hamarsvirkjun, sér í lagi í tilfelli jarðminja, vatnafars, landslags og víðerna.*“

Afgerandi niðurstaða faghópa um verndargildi leiddi til þess að Hamarsá var flokkuð í verndarflokk, einnig var það niðurstaða faghóps um samfélagsleg áhrif að verulegar líkur væru á klofningi í samfélögum ef ráðist yrði í Hamarsvirkjun.

Við síðustu kynningu með hugmyndum um virkjun Hamarsár með tillögu til flokkunar í biðflokk á samráðsgátt máf. nr. S-150/2025 <https://island.is/samradsgatt/mal/4035> bárust 20 umsagnir. Þar komu fram hörd mótmæli í 12 umsögnum gegn tillögu ráðherra að færa Hamarsá úr vernd í biðflokk enda óvenjulega hart gengið fram að taka þann eina kost af fimm sem flokkaður var í vernd og setja í bið. Við kynningu á samráðsgátt við málið voru lögð fram þau rök fyrir tilfærslu að fram hefði komið pólitískur þrýstingur af hálfu sveitarfélags svæðisins. Landvernd bendir á að pólitískur þrýstingur er ekki sérstakur matsþáttur í verkefnkistu rammaáætlunar. Í samráðsskjalinu var aðeins tíundað viðhorf sveitarfélaga á Austurlandi og látið líta út fyrir að innanbúðar væru engar mótbárur.

Múlaþing er það sveitarfélag sem hefur skipulagsvald yfir landi og vatnasviði Hamarsár en eignarhaldið á áformuðu virkjanasvæði að langmestu leyti í höndum ríkisins. Í ljósi þess að skipulagsvaldið er á höndum Múlaþings og íbúa þess þá er mikilvægt að það komi fram að við atkvæðagreiðslu um málið á fundi bæjarráðs Múlaþings um Hamarsvirkjun féllu atkvæði meðal kjörinna fulltrúa 3 – 2. Með öðrum orðum voru tveir af þremur kjörnum fulltrúum Múlaþings mótfallnir því að færa Hamarsá úr vernd í biðflokk.

Taka skal fram að í Múlaþingi liggur engin skoðana- eða viðhorfskönnun meðal íbúa til þessa verkefnis. Aðalskipulag Múlaþings er í vinnslu en í gildandi aðalskipulagi er hvergi minnst á virkjun Hamarsár, heldur er áherslan miklu fremur á umhverfis- og náttúruvernd enda búið að virkja mikið á Austurlandi og enginn orkuskortur. Þrátt fyrir að í samráðsskjali ráðherra sé látið líta út eins og að um sé að ræða mikinn fjölda sveitarfélaga á Austurlandi sem séu á móti vernd Hamarsár þá er rétt að geta þess að aðeins tvö sveitarfélög sem tilheyra Austurlandi lýstu andstöðu sinni og Múlaþing sjálft sem fer með skipulagsvaldið var þverklofið í afstöðu sinni.

Í samráðsskjalinu eru öðrum umsögnum ekki gerð skil innan sveitarfélaga. Eftirfarandi samráðsskjal sem ráðherra lagði fram við síðasta umsagnarferli á samráðsgátt sem rökstuðning fyrir tillögunni er því ekki til þess fallið að auka trúverðugleika á meðferð málsins. Það er slæmt þegar pólitísk hrossakaup sem byggjast á öðru en faglegum viðmiðum hafa slík áhrif að ráðherra skrifar eftirfarandi rökstuðning í samráðsskjal og kemur af stað þessu ferli.

Í kynningargögnum kom fram: „Af umsögnum umsagnaraðila við tillögu verkefnisstjórnar áætlunarinnar má sjá að sveitarfélög á svæðinu leggjast gegn flokkun Hamarsvirkjunar í verndarflokk. Meðal annars er vísað til þess að raforkukerfið á Austurlandi sé veikburða, skortur sé á framboði á raforku á svæðinu og slíkt hamli atvinnuuppbyggingu. Nú þegar hefur skortur á raforku áhrif á atvinnulíf á svæðinu og mikilvægt að fjölga virkjunarkostum innan þess, sérstaklega með hliðsjón af orkuspa og þörf fyrir græna sjálfbæra orku. Þá hefur efnahagslegur ávinningur virkjunarkostsins verið metinn nokkuð jákvæður.“

Landvernd hefur í fyrri umsögnum hrakið þá upplýsingaóreiðu sem ráðherra vísar til í skrifum tveggja sveitarfélaga um stöðu orkumála á Austurlandi. Staðreyndir liggja fyrir um að ekkert af því sem fram kemur í tilvísun ráðherra í samráðsskjali á sér stoð nema að eftir á að styrkja betur dreifikerfi raforku á nokkrum stöðum innan svæðisins. Það að styrkja þurfi dreifikerfi hefur ekkert með raforkuframleiðslu að gera sem er nóg af á Austurlandi. Má þar nefna 40 – 50 MW aflaukningu sem er í vinnslu með endurbótum á tengivirki við Hryggstekk í Skriðdal, en ekki er vitað hvernig nýta á þá viðbót.

Þegar vitnað er til að uppsjávarvinnslur fái ekki raforku liggur fyrir að þær vilja ekki kaupa hana nema á lægra verði. Það heitir ekki raforkuskortur heldur skortur á vilja til að greiða uppsett verð fyrir orkuna. Ef orkufrek fyrirtæki vilja ekki kaupa eða gera samninga um forgangsorku þá sitja þeir eðli málsins samkvæmt uppi með afhendingu á ótryggri orku. Það heitir því ekki heldur raforkuskortur þegar ótrygg orka er ekki til reiðu enda er hún umframorka þegar lón eru yfirfull.

Um þetta má sjá greinagóða umfjöllun í [fréttum](#) um það hvers vegna olía er brennd í uppsjávarvinnslu í Vestmannaeyjum og Herjólfur sömuleiðis þáði olíu í stað landtengingar og hleðslu. Þessu er nákvæmlega eins farið í uppsjávarvinnslum Austurlandi sama hvað reynt hefur verið að láta mál líta öðruvísi út.

Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd

Landvernd þakkar umhverfis- og samgöngunefnd fyrir að hafa sent málið til umsagnar enda getur það haft afdrifarík áhrif á stöðu og trúverðugleika rammaáætlunar til framtíðar. Þakka ber fyrir að örfáar skírskotanir í umsagnir sem fengu að þessu sinni að fljóta með til vitnis um að það er ekki aðeins sveitarfélög sem láta sig framtíð Hamarsár varða. Megin þungi í umsögnum er frá þeim aðilum sem vilja Hamarsá áfram í verndarflokki eins og niðurstaða verkefnisstjórnar var. Rök með vernd koma ekki aðeins frá náttúruverndarsamtökum og einstaklingum, heldur eru afgerandi fagleg rök sérfræðistofnana með vernd Hamarsár. Það eru því ekki aðeins sérfræðingar faghópa og verkefnisstjórn rammaáætlunar sem hafa skorið úr um ótvírætt verndargildi Hamarsár og þar með lagst gegn því að Hamarsá verði virkjuð, heldur hafa helstu sérfræðistofnanir þjóðarinnar komist að sömu niðurstöðu og verkefnisstjórn. Engin sérfræðistofnun sér ástæðu til að mæla með að Hamarsá verði sett annað en í verndarflokk.

· **Í umsögn Náttúruverndarstofnunar** er bent á að mat á virkjunarkostum samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun þurfi að byggjast á faglegri greiningu á náttúrufari og verndargildum, í samræmi við markmið náttúruverndarlaga, nr. 60/2013, um vernd líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni og íslenskrar náttúru til framtíðar. Stofnunin tekur undir þá niðurstöðu faghópa áætlunarinnar að virkjunarkosturinn eigi að flokkast í verndarflokk.

· **Í umsögn Náttúrufræðistofnunar** kemur fram það mat að mjög skýr og sterk rök séu fyrir því að virkjunarkosturinn flokkist í verndarflokk eins og verkefnisstjórn leggur til.

Náttúruverndarsamtök á Austurlandi og minnihluti sveitarstjórnar skiluðu einnig umsögnum á fyrri stigum máls.

· **Í umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands** er ákvörðun ráðherra um flokkun Hamarsvirkjunar fordæmd og leggjast samtökin eindregið gegn henni. Benda samtökin á að í mati verkefnisstjórnar rammaáætlunar skori svæðið sem um ræðir hæst í verðmætamati á viðfanginu landslag og víðerni og áhrifin á það viðfang séu einnig metin mest. Verðmætu landslagi og víðernum á Austurlandi hafi þegar verið raskað og víðerni sem eftir eru séu því verðmætari en áður á landslagskvarða þar sem þau séu nú fágætari. Hamarsvirkjun umturni í raun vatnasviði Hrauna og síðustu lítt snortnu víðernum hálendis Austurlands. Engir brýnir almannahagsmunir kalli á aukna orkuöflun á Austurlandi og vísa samtökin til orða fyrrum forstjóra Landsnets á vörfundum fyrirtækisins í mars 2025 þar sem fram kom að það væri ekki



ávinningur af því að virkja frekar á Austurlandi vegna veikleika í byggðalínunni sem komi þá til með að leiða til enn frekari flutningstakmarkana.

· **Í umsögn tveggja af þremur fulltrúum í bæjarráði í Múlaþingi** er lagst alfarið gegn því að virkjunarkosturinn Hamarsvirkjun verði færður úr verndarflokki í biðflokk. Að mati þeirra á virkjunarkosturinn skýlaust heima í verndarflokki í samræmi við niðurstöður faghópa og verkefnisstjórnar rammaáætlunar og fjölda sérfræðinga og hagsmunaaðila.

· **Þá er í umsögnum einstaklinga** við tillöguna lagst gegn áformum um flokkun virkjunarkostsins í biðflokk og skorað á settan ráðherra að fara eftir skýrri niðurstöðu verkefnisstjórnar og faghópa og tryggja flokkun hans og viðkomandi svæðis í **verndarflokk**

Hér er um afráttarlausan vitnisburð að ræða í umsögnum sem styðja við að Hamarsvirkjun á heima í verndarflokki.

Lokaorð

Landvernd vonar einlæglega að umhverfis- og samgöngunefnd alþingis virði niðurstöður faghópa, virði niðurstöður verkefnisstjórnar, virði niðurstöður sérfræðistofnana ríkisins og allar þær staðreyndir sem hafa komið meðal annars um að enginn orkuskortur er á Austurlandi. Að mati Landverndar og allra annarra sem hafa lagt faglegt mat á málið þarf ráðherra að flokka Hamarsá aftur í verndarflokk

Með vinsemd og virðingu

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir